

2012  
**ÁRSSKÝRSLA**



## AFS Á ÍSLANDI

Ingólfsstræti 3, 2. hæð

P.O. Box 753

121 Reykjavík

☎ (+354) 552 5450

info-isl@afs.org

afs.is

facebook.com/skiptinemi

Uppsetning: tobba@vinnustofan.is

Myndir: Baldur Kristjánss, shutterstock.com, starfsmenn, sjálfboðaliðar AFS og fleiri.

# EFNISYFIRLIT

STJÓRN OG STARFSMENN .....	3
FRÁ FORMANNI .....	4
FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA .....	6
ÍSLENSKIR NEMAR .....	8
ERLENDIR NEMAR .....	10
BREIÐUM ÚT BOÐSKAPINN .....	13
FRÁ VERKEFNASTJÓRA .....	14
REYKJAVÍKURDEILD .....	16
SJÁLFBODALIÐI ÁRSINS .....	17
NORÐURLANDSDEILD .....	18
HOLLVINIR AFS .....	20
ÁRSREIKNINGUR .....	22

AFS Á ÍSLANDI 2012-2013

# STJÓRN OG STARFSFÓLK



▲  
Fremri röð f.v. Ragnar Þorvarðarson, formaður og Jóna Fanney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri.  
Aftari röð f.v.: Fjóra Sigurðardóttir, Agnes Vala Bryndal, Guðrún Eyþórsdóttir, Kristín Pétursdóttir,  
Gísli Kristjánsson, Sólveig Ása B. Tryggvadóttir og Andrés Jónsson.

## Einnig sitja í stjórn AFS



▲  
Aron Freyr Jóhannsson



▲  
Edda Huld Sigurðardóttir



▲  
Gréta Ingólfsdóttir



▲  
Katrín Ingólfsdóttir



▲  
Rúnar Skúli Magnússon

# KÆRU FÉLAGAR

Ragnar Þorvarðarson, formaður



Markmið AFS er að veita ungu fólki tækifæri á að vera ábyrgir þegnar í alþjóðlegu samfélagi, en það gerum við með nemendaskiptum okkar um allan heim. Þannig lærir fólk um ólíka menningarheima í þeim tilgangi að aðstoða það við að þróa með sér þekkingu, hæfileika og skilning sem þarf til þess að skapa réttlátari og friðsælli heim.

Við sendum nema á aldrinum 15-18 ára út í heim og bjóðum nemum í sama aldurshópi velkomna til Íslands - gaman er að segja frá því að fjölskylduöflun hér á landi var í ár lokið í júlímánuði. AFS á Íslandi er því mjög framarlega í flokki á heimsvísu. Starfsemi og rekstur samtakanna hefur verið í föstum skorðum á tímabilinu og staða AFS á Íslandi er góð. Það er að þakka öflugum starfsmönnum Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur, framkvæmdastjóra, ásamt því vel menntaða, áhugasama og kraftmikla starfsfólki sem við höfum yfir að búa sem starfar með sjálfböðaliðum okkar um allt land.

## AFS International og EFIL

Gott samstarf er við alþjóðaskrifstofu AFS og EFIL, regnhlífarsamtök AFS í Evrópu, sem staðsett eru í Brussel. Ákveðið var í vetur að bjóða íslenskum nemum upp á þriggja mánaða dvöl í Evrópu í sérstöku prógrammi sem EFIL býður upp á undir heitinu ECTP (*European Citizenship Trimester Programme*). Með því viljum við auka möguleika íslenskra ungmenna til að dvelja erlendis í skemtri tíma en boðið hefur verið upp á síðustu ár.

Undirritaður sótti aðalfund EFIL í maí á þessu ári þar sem farið var yfir stöðu mála

og stefnu til framtíðar. Þá eru á næsta ári 100 ár liðin frá því að sjúkrahústjórnar hófu að starfa með *American Field Service* í fyrri heimsstyrjöldinni. Í tilefni af því mun AFS á alþjóðavísu fagna því með sérstakri hátíðardagskrá á Heimsþingi AFS í París sem fram fer í nóvember 2014.

## Starfsemi stjórnar og Hollvinir AFS á Íslandi

Stjórn hefur fundað reglulega á tímabilinu en einnig var haldinn auka aðalfundur í febrúar síðastliðinn sem liður í stofnun Hollvina AFS á Íslandi, sem veita munu styrki til námsdvalar og rannsókna. Formlegur stofnfundur Hollvina var haldinn 21. mars 2013 í Þjóðmenningarhúsinu og var ánægjulegt að sjá þar fyrrum AFS skiptinema og aðra velunnara sem með framlagi sínu munu styðja við styrkveitingar sjóðsins í framtíðinni. Stjórn ákvað enn fremur í lok sumars að veita veglega styrki upp í þátttökugjöld til landa Asíu þar sem hluti þjóðar eru múslimar. Með því vill stjórn auka fræðslu íslenskra ungmenna um íslamstrú.

Áherslur stjórnar hafa verið á fjögur meginverkefni sem stuðla að því að renna enn styrkari stoðum undir það góða starf sem unnið er meðal sjálfböðaliða og starfsfólks á hverjum degi. Áherslurnar hafa verið á **faglega þjálfun sjálfböðaliða, kynningar og markaðsmál, Hollvini AFS á Íslandi og áframhaldandi uppbyggingu innviða**, sem tengist að mestu leiti vinnu við upplýsingakerfi samtakanna. Fjórar nefndir hafa starfað á tímabilinu, þ.e.

markaðsnefnd, menntanefnd, tölvunefnd og undirbúningshópur fyrir stofnun Hollvina AFS á Íslandi. Á þeim vettvangi hefur stór hópur AFS sjálfboðaliða unnið einkar gott starf.

### Breytt ásýnd og áframhaldandi uppbygging innviða

Ánægjulegt er að segja frá því að í desember 2012 var farið í viðamikla vinnu við nýtt kynningarefni fyrir samtökin. Baldur Kristjánsson ljósmyndari og Þorbjörg (Tobba) Ólafsdóttir grafískur hönnuður unnu verkefni undir yfirskriftinni „Aukin þekking - ný tækifæri“ ásamt markaðsnefnd stjórnar. Bæði eru þau fyrrum AFS skiptinemar og náðu því að fanga vel AFS andann í myndum og framsetningu. Stjórn vill nýta tækifærið og þakka þeim innilega fyrir framlagið við að styrkja ímynd samtakanna og sýna þau fjölbreyttu andlit sem eru á bak við AFS.

Unnið hefur verið áfram í áður nefndu upplýsingakerfi sem tekið var í gagnið á árinu 2011 en vinna við það hófst á árinu 2009. Áframhaldandi vinna við upplýsingakerfið er mikilvægur hlekkur í að bæta enn frekar tengsl við félagsmenn og að sama skapi auðvelda ferli umsækjanda þegar kemur að greiðslu þátttökugjalda og létta þannig á verkferlum skrifstofu.

### Menningarlausni til framtíðar

Nú hafa þrír meðlimir stjórnar tilkynnt að þau hyggist ekki gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, en það eru þau Gísli Kristjánsson, Gréta Ingbórsdóttir og Rúnar Skúli

*Fjölskylduöflun fór snemma af stað og gekk mjög vel á árinu. Mánuði fyrir komuna til landsins, eða í júlí 2013 var búið að finna fjölskyldur fyrir alla 28 erlendu skiptinemana. Hér komast þau svo öll, frá 12 löndum, fyrir í einu strætóskýli!*



Magnússon. Þeim vil ég þakka sérstaklega fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins innan stjórnar síðustu ár.

Spennandi verkefni bíða stjórnar og hefur starfsfólk samtakanna unnið að fræðslustefnu síðustu mánuði. Stefnan hefur verið unnin í samræmi við markmið AFS og stefnumótun alþjóðaskrifstofu AFS til ársins 2020, í nánu samstarfi við sjálfboðaliða AFS á Íslandi m.a. með greiningarvinnu sem unnin var í vetur. Þetta er mikilvægur liður í því að auka gæði í því starfi sem unnið er á vettvangi samtakanna.

Í þeirri vinnu leggjum við mikla áherslu á menningarlausni (Intercultural Learning), en þörfin fyrir aukna færni í menningarlausni fer sívaxandi í tæknivæddum heimi. Það er takmark AFS á Íslandi að vera í forystu við að breiða út þá þekkingu í íslensku samfélagi. Það gerum við með því að halda áfram bjóða upp á innihaldsríka reynslu sem opnar augu fólks fyrir umheiminum og stuðlar að réttlátari og friðsælli heimi.

# MENNTA- & FRÆÐSLU SAMTÖK

Jóna Fanney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri




Á skrifstofu AFS ríkir góður andi. Í morgunsárið reyna starfsmenn iðulega að sinna verkefnum sem reyna á einbeitinguna og er líður á daginn byrjar meiri erill. Þá þarf oft að grípa marga bolta á lofti, taka á móti fólki, veita upplýsingar, svara síma og greiða úr flækjum úti í heimi. Er hallar að lokum skrifstofutíma mæta sjálfboðaliðarnir til starfa til að taka viðtöl við verðandi nema, undirbúa námskeið, útbúa dagskrá vetrarins með erlendu nemunum, svo fátt eitt sé nefnt. Hjálpssemi, greiðvikni og jákvæðni svífur yfir vötnum meðal starfsmanna og sjálfboðaliða. AFS starfið er fjölbreytilegt og margir vinklar á því en á endanum snýst þetta allt, bæði innra og ytra starfið, um samskipti fólks. Mannauðurinn er í raun hin eina sanna auðlind AFS.

Í raun er ekki hægt að selja það sem AFS stendur fyrir. Flugfar jú, tryggingar, skólabækur og -gjöld er auðvelt að verðleggja. En hvernig er virðing fyrir margbreytileika, næmni fyrir öðrum menningarheimum og umburðarlyndi metin til fjár? Er hægt að kaupa fjölskyldu úti í heimi?

## „Af hverju er þetta svona dýrt?“


Pegar ný verðskrá AFS vegna þátttökugjalda skiptináms lítur dagsins ljós koma, alltaf nokkrar fyrirspurnir um, í hvað þátttökugjöldin fari. Eðlilega. Flestir geta tekið undir það að það kostar mikið að fara í skiptináms. Eitt af grunnildum AFS er hins vegar að samtökin eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Samtökin beita sér fyrir því að bjóða sem flestum ungmennum tækifæri á skiptinámsi, t.a.m. með styrkveitingum til efnaminni heimila.

Það eru margir utanaðkomandi þættir sem hafa bein áhrif á þátttökugjöldin. Alþjóðleg efnahagskreppa markar hér spor síðustu árin. Í kjölfar hennar hafa t.a.m. hýsingargjöld (það sem greitt er með hverjum nema til dvalarlandsins) farið hækkandi. Eldsneytiskostnaður og þar með flugkostnaður nema hefur hækkað gríðarlega síðustu ár, gengisóvissa er mikil og verðbólgan hérlendis er alltaf í stuði. Því má einnig bæta við að rekstrarstyrkur af fjárlögum ríkissjóðs féll niður árið 2011 en hann hafði verið um 2 mkr. árin á undan.



## Fundir - þjálfun - námskeið

Bæði alþjóðaskrifstofa AFS sem og EFIL bjóða uppá fjölbreytileg námskeið á ári hverju. Á árinu sótti AFS á Íslandi í samvinnu við EFIL, um styrk til Evrópu unga fólksins til að einn af dyggustu sjálfboðaliðum okkar, Sigrún Tinna



\*Árið 2011 breyttist uppgjörstímabil bókhalds AFS skv. ákvörðun stjórnar, því skarast nema fjöldi sendra á milli árunna 2010 til 2011-2012. H sýnir fjölda hýstra nema og S fjölda sendra fyrir neðan ártölín. Í ár er í fyrsta skipti fjöldi sendra nema talinn eftir fjölda nema per ár í mánaðarfjölda en ekki „hausatölu“. Þannig t.d. er ársþrógrammið talið sem 10 mánuðir eða 1 á meðan hálfársdöl er talin 0,5 osfrv. Prósentutalnar fyrir ofan súlurnar sýna prósentuhlutfall afkomu á móti heildartekjum.

Sveinsdóttir, gæti verið í árs starfsþjálfun í höfuðstöðvum EFIL í Brüssel.

Framkvæmdastjóri sótti „skyldunámskeið“ nýrra framkvæmdastjóra í Tyrklandi í september 2012. Jafnframt fór framkvæmdastjóri á fund framkvæmdastjóra EFIL í Sarajevó haustið 2012 í tilefni þess að AFS í Bosnía-Hersegóvínu fagnaði 10 ára afmæli. Formaður sótti aðalfund EFIL í Serbíu vorið 2013.

Í ár var metaðsókn sjálfbóðaliða á Summer Summit sem haldinn var í Ranum í Danmörku. Tíu sjálfbóðaliðar sóttu þjálfunarbúðirnar, auk þess sem íslenskir þjálfarar sáu um fræðslu í Ranum. Mjög vel tókst til að mati allra.

Sólveig Ása, deildarstjóri erlendra nema sótti fund með kollegum sínum í Búdapest í lok febrúar. Fundurinn var haldinn á vegum EFIL. Það er gaman að fylgjast með samstarfsfólki koma tvíeft tilbaka eftir svona fundi og tengslanetið stækkar.

Deildarstjóri íslenskra nema, Guðrún Hulda, sótti metnaðarfullt viku námskeið í menningarlæsi (ICL) sem haldið var í Þýskalandi á vegum InterCultur „systur-fyrirtækis“ AFS þar í landi. Námskeiðið var í samvinnu við Jacobs University í Bremen. Með þátttökunni öðlaðist Guðrún um leið réttindi sem „alþjóðlegur þjálfari í menningarlæsi“.

## Menningarlæsi

Alþjóðaskrifstofa AFS gerir miklar kröfur til aðildarlandanna um að ICL – eða menningarlæsisstefnu sé vel framfylgt.<sup>1</sup>

Deildarstjóri íslenskra nema hefur sinnt hlutverki fræðslustjóra AFS í þessum málaflokki enda hefur hún góðan bakgrunn og óbilandi áhuga á fræðunum. Síðustu vikur og mánuði hefur hún m.a. verið í að endurmeta allt námskeiðsefni AFS og unnið drög að menningarlæsisstefnu AFS sem borin verður undir stjórn fljótlegra.

## Grunnstoðir AFS: fóstur fjölskyldur og skólar

Fjölskylduöflun gekk mjög vel og þar ber að þakka góðu skipulagi Sólveigar Ásu, deildarstjóra erlendra nema sem og óbilandi vinnu og eljusemi sjálfbóðaliða. Undir handleiðslu Sólveigar Ásu og óeigingjörnu starfi sjálfbóðaliða hefur AFS á Íslandi tekist að standa tímamörk alþjóðaskrifstofunnar að fullu sl. 2 ár

Helstu áherslur varðandi erlendu nemana á komandi ári er að auka samskipti við framhaldsskóla landsins. Flestir taka þeir beiðni AFS um skólavist ákaflega vel en eins og margar aðrar stofnanir í landinu glíma skólarnir við fjárhagsvanda. Það er því brýnt að treysta samstarfið betur t.a.m. með að fulltrúar AFS heimsæki skólana og ræði samstarfið augliti til auglitis.

## Að lokum

Mikilvægt er að koma þeim skilaboðum á framfæri að AFS rekur ekki ferðaskrifstofu þar sem viðskiptavinir geta valið úr þjónustu með því að glugga í myndabækling. AFS eru mennta- og fræðslusamtök sem snúast fyrst og fremst um samskipti fólks alls staðar að úr heiminum.

Innleiðing upplýsingakerfis AFS (UKA) hefur valdið byltingu í verkferlum skrifstofu. Ánægjulegt er að tilkynna að Agnes Vala Bryndal sem starfað hefur með okkur í gegnum Vinnumiðlun í all langan tíma verður fastráðin nú á haustmánuðum. Því aðeins með auknum mannafla verða háleitar hugmyndir og uppbygging AFS að veruleika.

Formanni AFS, Ragnari Þorvarðarsyni þakka ég frábært samstarf á árinu. Það eru forréttindi að starfa með svo ferskum og ötulum einstaklingi sem Ragnar er. Áreiðanlega gefur það aukinn kraft í starfið að við Ragnar deilum mjög áþekkri framtíðarsýn fyrir AFS. Stjórn, sjálfbóðaliðum og starfsfólki þakka ég að sama skapi fyrir gróskumikið og skemmtilegt ár hjá AFS á Íslandi.

<sup>1</sup>ICL stendur fyrir Intercultural Learning og hefur AFS á Íslandi nýst við þýðinguna menningarlæsi. Með hugtakið ICC eða Intercultural Competence er nýst við menningarfærni. Lesa má nánar í pistli deildarstjóra íslenskra nema út á hvað hugtakið gengur.

# ÍSLENSKIR NEMAR UTAN

Guðrún Hulda Eyþórsdóttir, deildarstjóri



Á bókhaldsárinu 2012-2013 (sem telur brottfarir nema frá júlí 2012 - apríl 2013) fóru alls 80 skiptinemar í nám á vegum AFS á Íslandi. Því er samdráttur frá árinu áður en þá fóru 92 nemar á vegum AFS á Íslandi í skiptinemadvöl. Á bókhaldsárinu fóru allir 80 nemarnir í ársdvöl og flestir að venju til Bandaríkjanna eða 13 nemar, auk þess fóru 12 nemar til Ítalíu.

Til Mið- og Suður-Ameríku fóru 29 nemar, 22 á sumarbrottför og 7 á vetrarbrottför. Flestir fóru til Argentínu, alls átta ungmenni. Þessi heimshluti er vinsælastur meðal umsækjenda okkar í dag en Evrópa kemur svo fast á hælana með 25 íslenska skiptinema. Til Norður Ameríku fóru alls 15 nemar, 13 til Bandaríkjanna og tveir til Mexíkó. Til Asíu og Eyjaálfu fóru samtals 11 nemar.

Umsóknir fyrir næsta ár eru þegar farnar að berast og nú í lok september 2013, er einn nemi að vinna í frumumsókn fyrir vetrarbrottför 2014, en 13 nemar hafa lokið eða eru að vinna í framhaldsumsókn. Að auki hafa tveir nemar lokið við framhaldsumsókn um hálfársdvöl fyrir vetrarbrottför 2014.

Fyrir sumarbrottför 2014 eru nú sjö frumumsóknir í vinnslu og 27 framhaldsumsóknir sem er aukning frá því á sama tíma í fyrra. Asía vinnur sífellt meira á sem áfangastaður og standa vonir til að styrkir sem AFS á Íslandi ætlar að veita til þeirra sem sækja um Indónesíu, Tæland og Malasíu muni skila sér í fleiri umsóknum þangað. Fullbókað er til Japans fyrir allt árið 2014 og þegar eru umsóknir farnar að berast um dvöl þar fyrir árið 2015. Þá eru Bandaríkin alltaf vinsæl


en nú þegar eru tíu framhaldsumsóknir til Bandaríkjanna í vinnslu og tvær frumumsóknir. Enn er verið að semja við AFS þar í landi um fjölda plássu fyrir næsta haust.

Fósturfjölskylduöflun hefur gengið erfiðlega í Bandaríkjunum, Þýskalandi og á Nýja Sjálandi síðustu ár. Nú er svo komið að yfirvöld í Bandaríkjunum og á Nýja Sjálandi heimila ekki skiptinemunum að koma til landsins nema þeir hafi ársfjölskyldu. AFS í Þýskalandi stóð í gríðarlegri kreppu með að finna fósturfjölskyldur í ár og brugðu á það ráð, líkt og Nýja Sjáland og Bandaríkin, að hafa nokkrar brottfaradagsetningar. AFS í Þýskalandi er t.a.m. enn að taka á móti skiptinemunum þegar þetta er skrifað. Þann 19. september sl. voru enn 49 skiptinemar án fósturfjölskyldna og vonast er eftir lausn á þessum málum um miðjan október.

Færst hefur í aukana að AFS löndin setji þrengri og strangari skilyrði fyrir því að samþykkja að taka á móti nemum til landsins. Auk góðrar skólumætingar og einkunna eru auknar kröfur um að heilsufar nema sé nánast óaðfinnanlegt. Sum löndin setja sem skilyrði að unga fólkið sé t.a.m. ekki með fleiri en eitt ofnæmi og/eða að nemi með tiltekið ofnæmi fái ekki samþykki frá umsóknarlöndum. Þetta hefur kallað á auknið eftirlit og síun við vinnslu umsókna.

Súluritið sýnir fjölda íslenskra þátttakenda hjá AFS 2007-2013. Tölurnar byggja á upplýsingum úr félagatali samtakanna auk skráninga í svokallaðan *Global Link* sem er sameiginlegur gagnagrunnur AFS á alþjóðavísu.





Yoshiki og Yuki frá Japan dvöldu á Íslandi 2012-2013. Þeim fannst gaman að hitta frú Vigdísí Finnbogadóttur í Ráðhúsi Reykjavíkur á afmæli Japanskeisara.

Eins og sjá má, sýnir súluritið mikla sveiflu niður á við milli árunna 2008 og 2009 sem kemur til af efnahagskreppu í landinu og reyndar um allan heim. Árið 2009 fækkar þátttakendum þar af leiðandi um tæplega helming. Frá því ári eru enn sveiflur á fjölda þátttakenda milli ára, þó síðustu tvö ár hafi fjöldinn verið svipaður.

Lögð hefur verið rík áhersla á að yfirfara námskeiðsefni fyrir undirbúningsnámskeið nema sem og að auka eftirfylgni skiptinema eftir að heim er komið. AFS á alþjóðavísu hefur undanfarin ár lagt mikla áherslu á þjálfun menningarlæsis meðal starfsmanna og sjálfboðaliða. Með því að framvarðarsveitin sé vel þjálfuð er markmiðið að auka gæði í allri þekkingarfræðslu meðal nemanna. Ekki síður er markmiðið að efla þekkingu foreldra og fósturfjölskyldna sem taka að sér erlenda nema. Þannig teljum við að með auknu menningarlæsi aukist menningarfærni allra hlutaðeigandi og að þannig fækki stuðningsmálum eða vinnsla þeirra verði amk. auðveldari.



# ERLENDIR NEMAR Á ÍSLANDI

Sólveig Ása B. Tryggvadóttir, deildarstjóri




Pann 23. ágúst 2012 komu 27 erlendir nemar hingað til ársdvalar frá fimmtán löndum. Upphaflega var von á 28 nemum en einn nemi frá Venesúela hætti við á síðustu stundu.

## Dreifing nema um landið

AFS á Íslandi hefur reynt að leggja áherslu á góða dreifingu búsetu nema um landið í fjölskylduöflun. Ágætlega hefur til tekist og síðastliðin tvö ár hefur helmingur nema verið búsettur á landsbyggðinni. Veturinn 2012-13 voru til að mynda 10 nemar á Austur- og Norðurlandi og í heildina 13 nemar af 27 á landsbyggðinni. Von er á hnifjafnri skiptingu næsta vetur (2013-14) eða að 14 nemar muni búa á landsbyggðinni og 14 á höfuðborgarsvæðinu.


Af 27 nemum veturinn 2012-13 skiptu 5 nemar um fjölskyldu eða rúmlega 18% sem er hærra hlutfall en síðastliðin ár. Öll skiptin voru vegna minnháttar mála sem ekki tókst að leysa úr. Þrír nemar skiptu um skóla, tveir vegna fjölskylduskipta og einn vegna kröfu skólayfirvalda í heimalandi. Einn nemi fyrir austan fluttist milli bæjarfélaga við fjölskylduskipti.

Þrír nemar fóru heim áður en að dvöl lauk (rúmlega 11%). Fyrsti neminn fór heim eftir rúmlega mánaðardvöl vegna mikillar heimþrár og tveir nemar í mars báðir vegna andlegra veikinda og þurfti einn neminn fylgd heim.



Staðsetning erlendu nemanna síðastliðin 3 árin ►

\*Nemi sem í upphafi dvalar 2012 bjó á Reyðarfirði [eins og sýnt er á korti] fluttist eftir tæplega hálfja dvöl til annar fjölskyldu á Egilsstöðum.



Búseta erlendu nemanna okkar

### Hvaðan koma nemarnir?

Fjöldi nema er svipaður milli árána 2012 og 2013 en fyrirséð er að það fjölgi um einn nema milli ára. Þá mun AFS á Íslandi í fyrsta skipti taka á móti nema frá Indónesíu og eftir nokkurra ára hlé er von á nema frá Tyrklandi. Nenum með búsetu utan Evrópu fjölga töluvert á milli ára og þurfti að sækja um dvalarleyfi fyrir 14 nema þetta vorið. Samskipti við Útlendingastofnun og Þjóðskrá eru með miklum ágætum.

### Hvaðan koma fósturfjölskyldurnar okkar?

Eins og áður hefur komið fram hefur fósturfjölskylduöflun AFS gengið ágætlega síðastliðin ár. Fósturfjölskylduöflun fór snemma af stað í ár. Símhringingar hófust í mars 2012 eða um leið og búið var að fara yfir allar umsóknir og ljóst var hvaða namar kæmu til landsins. Um 20 fjölskyldur voru ákveðnar fyrir lok maí að taka að sér nema og allar fjölskyldur voru í höfn í lok júlí 2012 eða um mánuði fyrir komu nemanna.


Hluti af stöðugri og áhrifaríkri fjölskylduöflun er að starfsfólk og sjálfbóðaliðar greini hvernig og hvaðan tilvonandi fósturfjölskyldur nálgast AFS. Öll umfjöllun um komu erlendu nemanna hjálpar til, hvort sem um er að ræða beinar auglýsingar, viðtöl eða greinarskrif.

Það er erfitt að taka það saman nákvæmlega hvers vegna fósturfjölskyldur hýsa og/eða hvernig þær komast í kynni við AFS. Alla vegna má fullyrða að sú greining yrði aldrei vísindaleg. Flestar fjölskyldur hugsa málið í nokkur ár áður en tekið er af skarið.

Fróðlegt er að sjá hversu hátt hlutfall íslenskra fjölskyldna sem eru að senda börn sín út á vegum AFS eru samtímis, eða síðar, að taka að sér erlendana nema. Einnig er áhugavert að sjá hlutfall fjölskyldna sem ekki tengjast AFS á beinan hátt.


Pegar fjölskylda ákveður að taka að sér erlendana skiptinema eru það yfirleitt margar samvinnandi þættir sem hjálpa til.

Til gamans tók hópur sjálfbóðaliða sem sjá um erlendu nemana saman í grófum dráttum hvernig nálgun fósturfjölskyldna við AFS er háttað, sbr. kökuritin hér til hliðar.



■ Sendu nema árið 2012  
 ■ Sendu nema árið 2011  
 ■ Tengjast AFS ekki beint  
 ■ Hringiáttak AFS  
 ■ Tengjast AFS

Fósturfjölskyldur haust 2012



■ Sendu nema árið 2013  
 ■ Sendu nema árið 2012  
 ■ Tengjast AFS ekki beint  
 ■ Hringiáttak AFS  
 ■ Tengjast AFS  
 ■ Facebook, heimasíða, auglýsingar

Fósturfjölskyldur haust 2013



▲ Lara (Pýskalandi), Sara (Pýskalandi), Antonin (Frakklandi), Yoshiki (Japan) og Alaix (Frakklandi)



▲ F.v. Paola (Ítalíu), Clarissa (Ítalíu), Solly (Ítalíu), Elia (Ítalíu), Anna (Ítalíu), Eva (Belgíu) Pierre (Frakklandi) og Hazel (Bandaríkjunum)



▲ F. v. Yuki (Japan), Sara (Pýskalandi) Alaix (Frakklandi) Víví (Kína) Cheuk (Hong Kong) og Antonin (Frakklandi)



▲ Franski hópurinn á Snæfellsnesinu. Antonin, Coline, Pierre og Alaix.

## Veturinn 2012-13

Veturinn gekk að mestu eðlilega fyrir sig og lítið var um stórvægilegar breytingar á högum nemanna. Komuhelgin var í Flataskóla í Garðabæ og að þessu sinni var 6 vikna námskeiðið haldið í Varmárskóla í Mosfellsbæ, samtímis sjálfboðaliðanámskeiði íslenskra nema.

Norðurlandsdeild bauð nemunum svo aukalega upp á Akureyrarhelgi í febrúar sem heppnaðist mjög vel og var þátttaka góð.

Í ár var haldið í menningarreisnu á Snæfellsnesið eins og svo oft áður. Veðrið lék við nemana og að þessu sinni gisti hópurinn í Stykkishólmi. Það var tekinn góður hringur á nesinu og stoppað m. a. í Bjarnarhöfn og á Arnarstapa.

Skiptinamadvölinni lauk frekar snemma í ár og var lokadvöl haldin í Sandgerði 8.-9. júní. Að venju skiptust á skin og skúrir við gróðursetningu í Heiðmörk. Rúnar Skúli Magnússon mætti fyrir hönd stjórnar AFS og þakkaði fósturfjölskyldum, deildarstjóra erlendra nema og sjálfboðaliðum samstarfið.

Vegna styttingu dvalarinnar þetta árið voru þó nokkrir nema sem fengu að lengja dvöl sína á Íslandi örllítið. AFS á Íslandi gaf í flestum tilfellum vilyrði fyrir því. Ákveðið var síðan að lengja dvöl erlendra nema á Íslandi fyrir næsta vetur um tvær vikur.

Í heildina gekk árið mjög vel. Unnið verður að því á komandi vetri að auka við fræðsluþáttinn fyrir nema og fósturfjölskyldur sem og að bæta samskipti við skóla.



▲ Nýtt útlit AFS fór í loftið í janúar síðastliðnum og fögur skiptinemaandlit skreyttu bæði síður blaðanna sem og húsveggi Laugavegarins.



▲ Framkvæmdastjóri AFS í viðtali í fréttum á Stöð 2 vegna hálftrar milljón króna styrkveitinga til umsækjenda til Tælands, Malasíu og Indónesíu. Með styrkveitingunni vill AFS stuðla að fræðslu íslenskra ungmenna um Íslamstrú.

## AFS ÚT Á VIÐ BREIÐUM ÚT BOÐSKAPINN!

### Fræðsla á milli menningarheima

Aðgengi að þekkingu er í dag orðið auðveldara en nokkru sinni áður og allt virðist í nokkurra smella fjarlægð. Innihaldsríkasta leiðin til að kynna öðrum menningarheimum og læra ný tungumál er þó að mínu mati enn í gegnum eigin upplifun. Þá einstæðu upplifun hefur AFS á Íslandi boðið upp á í 55 ár.

#### SKIPTINEMAR



Ragnar Þorvarðarson  
formaður AFS á Íslandi

Það er hreint út sagt ótrúlegt að vakna með nýtt og framandi tungumál í eyrunum, sækja skóla í landi sem þú hafðir áður einungis séð á landakorti og fá tækifæri til að öðlast skilning á ólíkri menningu frá fyrstu hendi. Finna þig í aðstæðum sem þú hélt að væru eingöngu til í kvikmyndum.

Ad sama skapi er það einstök tilfinning að fá að vera hluti af reynslu nýs fjölskyldumeðlims sem sækir Ísland heim. Hluti af reynslu erlendis skiptinema sem fer í sund til að spjalla við pottverja á íslensku eftir einungis nokkra mán-

uði á landinu. Skiptinema sem tekur sig til og syngur afmælissönginn af innlifun í afmælum fjölskyldumeðlima á tungumáli sem þú hafðir aldrei heyrt áður. Tilgangur AFS er og hefur ávallt verið að stuðla að fræðslu á milli menningarheima og aðstoða þannig einstaklinga við að þróa þá þekkingu, hæfni og skilning sem þarf til að skapa réttlátari og friðsælli heim.

Þetta er starf sem byggir að mestu leyti á framlagi sjálfboðaliða.

#### Eykur vísýni og skilning

Fyrir nokkrum árum var gerð umfangsmikil könnun við Háskólann í Reykjavík um áhrif skiptinám AFS á ungmenni. Í samantekt lokaritgerðar um niðurstöðurnar kemur fram að skiptinám hafi „mikið gildi til frambúðar fyrir þá sem utan fara; tungumálakunnátta þeirra er mun meiri en samanburðarhópsins og

→ Skiptinemadvöl á vegum AFS er því ekki einungis spennandi og öðruvísi lífsreynsla heldur einnig öflug óformleg menntun um aðra menningarheima sem nýtist sem ómetanlegt veganesti inn í framtíðina.

gildir það ekki aðeins um þekkingu á tungumáli dvalarlandsins; viðhorf þeirra til útlendinga er jákvæðara og skilningur á framandi menningarheimum, síðum, venjum og gildum þroskaðri en hinna sem ekki fóru.“

Skiptinemadvöl á vegum AFS er því ekki einungis spennandi og öðruvísi lífsreynsla heldur einnig öflug óformleg menntun um aðra menningarheima sem nýtist sem ómetanlegt veganesti inn í framtíðina. Það er ekki eftir neinu að bíða – ég hvet þig til að kynna þér starf AFS nánar á vef okkar, afs.is.



▲ Formaður AFS á Íslandi var í morgunútvarpi Rásar 2 þann 17. janúar. Hann minnti á að starfsemi AFS gengur út á að auka fræðslu á milli menningarheima - að læra nýtt tungumál og kynna öðrum menningarheimum er klárlega reynsla sem nýtist í daglegum samskiptum út alla ævina...

◀ Fréttablaðið 19. desember 2012

# BYLTING Í VERKFERLUM

Agnes Vala Bryndal, verkefnastjóri



## Greiðslukerfi AFS

Greiðslutilhögun þátttökugjalda AFS er mjög persónubundin og hefur töluverður tími framkvæmdastjóra farið í gerð greiðslusamninga við forráðamenn og þátttakendur.

Í vorbyrjun var haldinn fundur með núverandi og fyrrverandi tölvunefnd AFS ásamt framkvæmdastjóra AFS og undirritaðri sem ráðin er til þess að leiða verkefni um innleiðingu veflægs greiðslusamnings í Upplýsingakerfi AFS (UKA).

Veflægur greiðslusamningur hefur verið í þróun hjá félaginu frá því vorið 2012 og hefur þungi forritunar í Google Docs/Excel legið á herðum Kristjáns Gíslasonar fyrrverandi

formanns félagsins. Samningurinn var farinn að taka á öllum helstu þáttum sem lúta að greiðsluferli skiptinema og því orðinn töluvert flókinn. Því var ákveðið að setja hann á veflægan grunn til að einfalda alla vinnslu hans fyrir aðstandendur skiptinemanna og ekki síst auðvelda verkferla AFS.

Mat tölvunefndar var, að sú vinna og þróun sem þegar hafði farið fram við gerð samningsins (Excel, Google Docs) ætti eftir að einfalda alla forritun til muna og að sú vinna myndi í raun aðeins taka brot af þeim tíma sem annars hefði þurft við kaup á forritun úti í bæ.

Samningar náðust við fyrirtækið Nethönnun (NH) sem hefur verið öflugur samstarfsaðili AFS í tölvumálum og forritun til margra ára.



## Tölvunefnd lagði upp með eftirfarandi atriði að leiðarljósi

- Greiðslusamningurinn skyldi vera hluti af UKA
- Útfylling skyldi vera einföld
- Greiðslusamningurinn skyldi vera kennitölutengdur nemanum og/eða hans viðskiptanúmeri
- Svæði í samningi væru fá/almenn til að byrja með en byggðust upp eftir því sem liði á útfyllingu
- Greiðslusamningur tæki á mörgum samningum þ.e. mörgum greiðendum og að möguleiki væri fyrir foreldra sem ekki eru í sambúð að gera sinn hvorn samninginn
- Ef um marga samninga væri að ræða að eftirstöðvar greiðslunnar á kennitölu nemans kæmu fram en hann sýndi ekki aðra undirliggjandi samninga
- Þægilegast að samningurinn væri til dæmis á tímatengdri slóð sem gildi t.d. í eina viku frá útgáfu og ef samningurinn væri ekki gerður innan þess tíma yrði að gefa út nýja slóð
- Tenging við netbanka, kreditortafyrirtæki og bókhaldskerfi AFS yrði með þeim hætti að um verulega vinnuhagræðingu væri að ræða fyrir starfsemi skrifstofu

Vinna fór strax á fullt eftir að nefndin hafði átt fund með NH. Þeir fóru strax í að kynna sér uppbyggingu samningsins og öll þau skjöl sem lágu honum til grundvallar. Sumartíminn var notaður til þess að keyra á þetta verkefni og seinnipart ágústmánaðar mátti sjá uppskeruna sem hugnaðist öllum vel. Eðlilega þurfti í kjölfarið að sníða af ákveðna vankanta.

Prófanir á vegum verkefnastjóra fóru á fullt skrið. Allar þýðingar á viðmótinu voru látnar ganga fyrir og settir voru upp sýndarsamningar

sem hægt var að vinna með. Nokkrir hnökrar komu í ljós t.a.m. varðandi netföng sem þurfti að leysa til þess að AFS lenti ekki í vanda þegar kæmi að notkun viðskiptavina.

Um miðjan september var tekinn stöðufundur með NH þar sem farið var yfir hvað væri komið og lagðar línur með hvað stæði út af borðinu og þyrfti að ná tökum á til þess að hægt væri að láta þriðja aðila prófa kerfið og síðan setja það í virkni fyrir viðskiptavini.

Nú um miðjan október 2013 er staðan þannig að unnið hefur verið taktfast í því, frá síðasta fundi og eftir að verkefnastjóri sendi inn skýrslu og verkefnalista til NH, að sníða af alla vankanta og stendur fyrir dyrum að taka stöðufund með verkefnastjóra og ræða næstu skref. Báðir aðilar stefna að því fullum fetum að kerfið verði komið í notkun á næstu vikum eftir lokaprófanir, þjálfun og kynningu til starfsmanna. Þannig ætti nýja greiðslusamningskerfið að vera komið í almenna notkun vel fyrir áramót 2013/2014.

## Önnur verkefni

Verkefnastjóri ásamt fulltrúa úr tölvunefnd Páli Wolfram hefur verið að leggja drög að því að kynna sér skýrslukerfi Global Link hluta alþjóða AFS kerfisins. Starfsmenn AFS fengu kynningu á þessu kerfi fyrir ári síðan en hafa ekki fengið það til að skila tilætlunum árangri. Vonir standa til að þetta muni nýtast við gagnaöflun varðandi sendingu og hýsingu sem og að það nýtist framkvæmdastjóra við skýrslugjöf til höfuðstöðva AFS í Bandaríkjunum.

Verkefnastjóri hefur jafnframt leyst af starfsmenn í sumarleyfum og hefur það gengið mjög vel. Engin mál hafa reynst þannig að ekki væri hægt að leysa þau með aðkomu annarra starfsmanna sem höfðu góða þekkingu og reynslu af viðkomandi málefnum.

Nú á haustdögum fer verkefnastjóri að vinna eftir nýrri starfslýsingu. Ný verkefni bætast við og munu næstu vikur leiða í ljós hvort bæta þurfi við verkefnalistann eða draga úr verkefnum á honum.

# REYKJAVÍKUR- DEILD

Aron Freyr Jóhannsson, formaður



Síðastliðið starfsár Reykjavíkureildar hefur verið afar viðburðaríkt og er skemmst frá því að segja að þar er engum einum að þakka heldur samstilltum og duglegum hópi sjálfboðaliða AFS. Vil ég því nýta tækifærið áður en ég lýsi stuttlega viðburðum ársins og þakka öllu þessu frábæra fólki fyrir sína vinnu í þágu AFS.

Viðburðir ársins voru í senn margir og fjölbreyttir. Hér er því stiklað á stóru. Námskeið og starf með erlendu nemunum er stór hluti af starfi AFS og í raun kjarninn í því sem við gerum. Námskeiðin gengu nokkuð hnökralaust fyrir sig í ár enda komin talsverð reynsla á að halda þau. Þótt reynsla einstaklinga sem sáu um skipulagningu mánaðarlegra atburða með erlendu nemunum hafi verið eitthvað minni var það ekki að sjá á þeim atburðum sem skipulagðir voru. Ber þar

meðal annars að minnast á Bláa-Lóns ferð, Laser Tag ferð, ferð í Klifurhúsið og margt fleira.

Annar meginþáttur í okkar starfi er að auglýsa og kynna dvöl erlendis á vegum AFS og undirbúa íslenska nema undir ásdvöl. Undirbúningsnámskeið, skólakynningar og opin hús mánaðarlega eru verkfærin sem við nýtum okkur og tókst verulega vel til. Undirbúningsnámskeiðið var að ákveðnu marki endurskoðað og bætt við smiðjum sem snúast um viðfangsefni sem nemarnir hafa átt í vandræðum með meðan á dvöl stendur. Skólakynningar eru eitt helsta verkfærið til kynningar og gengu þær vel að vanda. Viðtöl við umsækjendur voru að venju haldin reglulega á skrifstofunni, jafnvel oft í viku. Hið árlega „bæklingalímingakvöld“ var að sjálfsögðu haldið, enda árlegt. Þar sannast







hvað góður félagsskapur, pizzur og góð tónlist getur fengið margar hendur til að vinna stórt verk á stuttum tíma. Voru sendir út hátt í 12 þúsund bæklingar inn á heimili ungmenna á umsóknaraldri.

Það sem líklega ber hæst þetta árið er hversu vel við erum farin að hlúa að einstaklingum eftir heimkomuna. Með heimkomunámskeiði, sjálfbodaliðanámskeiðum, möguleika á þjálfunum erlendis svo sem í gegnum *Chapter Exchange* verkefnið, en ungmennaskipti á vegum þess átti sér stað tvisvar á þessu starfsári, á Íslandi og í Belgíu. Metfjöldi þátttakenda var einnig á *Volunteer Summer Summit* EFIL í Ranum í Danmörku. Síðast en ekki síst unnu nokkrir þrælduglegir sjálfbodaliðar frábæra vinnu að nýrri uppbyggingu sjálfbodaliðastarfs Reykjavíkurdeildar sem býður upp á meiri hæfni og sérhæfingu við hvers hæfi. Þakka ég þeim dömum fyrir það frumkvæði sem þær sýndu við það verkefni sem ég efast svo sannarlega ekki um að eigi eftir að vera grunnstoðin í okkar sjálfbodaliðaumhverfi til frambúðar.

Að lokum vil ég þakka þeim sem áttu sæti með mér í stjórn Reykjavíkurdeildar á síðastliðnu ári fyrir frábært samstarf, án jafn sjálfstæðra og yndislegra samstarfsmanna væri staða sem mín hundleiðinleg, og í raun ómöguleg.



Líkt og undanfarin ár er sjálfbodaliði ársins valinn úr þeim stóra hópi sem knýr starfið áfram ár hvert. Að þessu sinni fannst stjórn kominn tími til, og þá ekki síst vegna tilkomu Hollvína AFS á Íslandi á árinu, að tilnefna Erlend Magnússon, sjálfbodaliða með meiru og fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins.



Á liðnum árum hefur Elli setið í undirbúningshóp um stofnun styrktarsjóðs AFS á Íslandi sem síðar fékk nafnið Hollvíni. En frá því að hann kom heim úr skiptinámi 1974 hefur hann setið í nokkrum stjórnnum AFS á Íslandi í gegnum tíðina og einnig verið stjórnarmaður í EFIL fyrir Íslands hönd. Erlendur starfaði

sem framkvæmdastjóri AFS á Íslandi frá árinu 1975-1980 og hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Erlendur á sér langa sögu innan AFS sem nú fyllir fjóra áratugi. Hann fór út sem skiptinemi til Bandaríkjanna á vegum AFS árið 1973 og hefur svo til starfað sleitulaust með samtökunum síðan þá. Þótt hann hafi starfað á erlendri grund sl. ár og því ekki endilega alltaf verið sýnilegur í framvarðasveitinni síðari ár, þá hefur ávallt verið hægt að leita til Ella sem ber hag AFS mjög fyrir brjósti.

Ekki má gleyma því að Erlendur ásamt Kristjáni Gíslasyni, fyrrverandi formanni kippti AFS á Íslandi uppúr miklu hnignunarskeiði um miðjan áttunda áratuginn. Árið sem þeir félagar voru úti sem skiptinemar, 1973-1974 var skrifstofu AFS lokað. Kristján og Elli mynduðu því kornungir nýja stjórn AFS á Íslandi stuttu eftir heimkomuna og náðu góðum dampi með félagið.

Við þökkum Erlendi mikið og óeigingjarnt starf í þágu samtakanna í gegnum áratuginna og undirstrikum um leið að við hlökkum til að starfa með honum áfram innan AFS og Hollvína næstu áratuginna.

# FRÉTTIR AÐ NORÐAN

Katrín Pöll Ingólfssdóttir, formaður



Á árinu höfðum við fimm skiptinema á okkar Norðurlandi; tvo á Akureyri, tvo á Húsavík og einn nemi var á Þórshöfn. Hér er það helsta sem var á döfinni hjá okkur sjálfboðaliðunum norðan heiða veturinn 2012 - 2013.

## Fastir liðir eins og venjulega

### Stjórnarskipti

Í byrjun árs var kosið afar lýðræðislega í stjórn. Helen Hannesdóttir hélt formanstitli sínum áfram, Katrín Pöll Ingólfssdóttir var valin varaformaður, Eygló Karlsdóttir umsjónarmaður viðtala, Bryndís Rún Hafliðadóttir umsjónarmaður skólakynninga og Arnþrúður Anna Jónsdóttir umsjónarmaður fjölskylduöflunar. Það sem einkenndi þessa stjórn var án efa góð samvinna og óþrjótandi fundagleði.

### Skólakynningar

Við erum einstaklega ánægð með að geta sagt að á árinu fórum við með skólakynningu í alla skóla í 1,5 klst radíus frá Akureyri að VMA og Menntaskólanum á Tröllaskaga undanskildum. Við fórum með kynningar á AFS í marga skóla sem við höfum aldrei farið áður. Gífurlega vel sóttar kynningar voru haldnar á þemadögum í MA þar sem að 200 manns troðfylltu stofuna tvívegis.

### Kaffihúsakvöld

Fyrsta þriðjudag hvers mánaðar var „kaffihúsadeit“ á Bláu Könnunni. Þau voru flest vel mætt og oft mikil stemning að eiga gott spjall yfir rjúkandi kakóbolli, samtímis því að erlendu nemarnir fengu líka tækifæri til að spreyta sig á íslenskunni.

## Kvöldsund í snjónum

Fimm sinnum yfir veturinn söfnuðum við okkur saman í bíla, rúntuðum rétt út fyrir bæinn og nýttum okkur langan opnunartíma í heitu pottum Pelamerkursundlaugar. Oft er minna meira.

## Hátíð í bæ

### Litlu-jól AFS

Áður en sjálfboðaliðar flykkust í allar áttir í jólafríinu héldum við 15 manna hátíðardagskrá þann 15. desember heima hjá Eygló, sem var svo góð að lána okkur húsnæði. Dagurinn var mjög vel heppnaður í alla staði og það var virkilega gaman að erlendu nemarnir frá Húsavík og Raufarhöfn gátu allir verið með okkur. Meðal annars bökkuðum við og skreyttum piparkökur og fórum í pakkaleik.

## Norður yfir heiðar

### Akureyrarhelgi 2013

Stærsta verkefni sjálfboðaliða á Norðurlandi var Akureyrarhelgin sem haldin var 15. - 17. febrúar. Markmiðið var gefa erlendu nemunum um land allt tækifæri á skipta aðeins um umhverfi, upplifa annan landshluta saman en einnig að hafa ferðina á viðráðanlegu verði. Því héldum við í fyrirtæki til að sjá hvort þau vildu styrkja okkur. Við fengum rosalega jákvæð svör og enduðum með allt of mikið af fríum mat og bakkelsi í lok helgarinnar - sem verður að flokkast sem ákveðið lúxusvandamál. Auk þess fengum við fría gistingu og almenna aðstöðu í félagsheimilinu Rósenborg.



# SENDIRÁÐSHEIMSÓKN

Sendiráð Bandaríkjanna hafði samband við AFS á Íslandi á árinu til þess að auka samskiptin milli samtakanna og sendiráðsins, en þau voru töluverð hér á árum áður. Rétt áður en hópur 17 nema hélt til Bandaríkjanna í ágúst sl. bauð sendiherrann, Luis Arreaga, nemunum í kaffiboð í sendiráðið. Auk Bandaríkjafaranna var starfsmönnum, stjórn AFS og fyrsta skiptinemahópnum frá Íslandi til Bandaríkjanna (1957-1958) boðið.

Á myndinni má sjá verðandi skiptinema til Bandaríkjanna 2013-2014, stjórn og starfsfólk AFS. Fremst á myndinni er sendiherra Bandaríkjanna fyrir miðju og til hliðar við hann sitja þær Astrid Kofoed-Hansen og Ingibjörg Guðlaugsdóttir sem voru í fyrsta hópi skiptinema frá Íslandi árið 1957-1958.

Erlendu nemarnir komu flestir með rútu eða strætó seinnipart föstudagsins. Þau komu sér fyrir í félagsheimilinu og slegið var upp kvöldvöku. Dagskrá laugardagsins byrjaði svo kl. 9 með ferð í Jóláhusið og Kaffi Kú þar sem nemarnir fengu íslenska kjötsúpu og fengu að skoða kýr og önnur húsdýr á íslenskum sveitabæ. Sveitalyktin var svo skuluð af í sundi á Hrafnagili. Næst fengu krakkarnir frítíma í bænum áður en dagskráin hélt áfram með stuttum kynningartúr í menningarhúsinu Hofi, Burgerveislu og kvöldvöku í Rósenborg. Flestir þurftu að fara nokkuð snemma á sunnudeginum, en margir nýttu síðustu mínúturnar í ísrúnt í Brynju.

Eftir helgina hélt stjórnin svo fund þar sem framvinda helgarinnar var rædd og kostir og

gallar metnir til að sjá hvernig mætti standa enn betur að helginni að ári.

## Seinnihlutinn

### Mývatnsferð

Þann 6. apríl treystum við okkur loksins til að keyra á Mývatn eins og lengi hafði staðið til. Veðrið var æðislegt og flott að skoða Mývatn, skella sér í jarðböðin og enda loks í grillmat heima hjá Arnþrúði.

### Fjölskylduöflun

Eftir mikið hugarflug varðandi fjölskylduöflun komum við upp með eftirfarandi plan. Í fyrsta lagi skrifuðum við grein í Akureyri Vikublað, þar sem fyrrum fósturfaðir greindi frá jákvæðri reynslu sinni. Í öðru lagi hittumst við

í Rósenborg með pizzu og snakk og hringdum í fyrrum skiptinema á hýsingaraldri sem að búsettir eru á Norðurlandi. Sólveig Ása, deildarstjóri á skrifstofunni lét okkur fá mjög gagnlegan lista með símanúmerunum. Í þriðja lagi sögðum við sem svo að hver sjálboðaliði ætti að stíga út fyrir þægindarammann og heyra í þremur fjölskylduvinum hver sem og öðrum sem að gætu mögulega tekið skiptinema.

Þrátt fyrir að þónokkuð þúður hafi verið lagt í fjölskylduöflun þetta ár skilaði það ekki tilætlaðum árangri. Við höfum í raun ekki aðrar skýringar á því nema sveiflur á milli ára.

### Kveðjugrill

Til að slá endann í árið var svo haldið kveðjugrill með skiptinemunum og fjölskyldum þeirra í Kjarnaskógi.

# HOLLVINIR AFS

Á auka aðalfundi AFS á Íslandi þann 20 febrúar 2013 var samþykkt að veita 50.000.000 kr stofnframlag til sjálfseignarstofnunarinnar *Hollvinir AFS* sem stofnað yrði á árinu 2013. Bundið stofnframlag Hollvina samanstendur annars vegar af 50.000.000 kr. stofnframlagi AFS á Íslandi og 936.000 kr. stofnframlagi einstaklinga.

Tekjur stofnunarinnar eru: arður af stofnsjóði, árlegt framlag AFS á Íslandi til stofnunarinnar, árgjald hollvina sem og gjafir og önnur frjáls framlög til styrktar stofnuninni.

*Hluti af framvarðarsveit AFS lét sig ekki vanta. F.v. Fjóla Sigurðardóttir, Bjarki F. Bergmann Benediktsson, Rúnar Skúli Magnússon, Hugrún Vigfúsardóttir og Erla Björk Jónsdóttir.*

Tilgangur Hollvina AFS á Íslandi er að styrkja nemendur og fjölskyldur til þátttöku í nemendaskiptum AFS á Íslandi, styrkja rannsóknir á samskiptum fólks af ólíkum menningaruppruna og að styrkja verkefni sem hafa það að markmiði að stuðla að nemendaskiptum og auka menningarskilning fólks af ólíkum uppruna.



Gamlir og nýir velunnarar AFS fjölmenntu á stofnfundinn þar sem markmið stofnunarinnar voru m.a. kynnt.



Merkum áfanga náð og því við hæfi að gleðjast eftir fundarskóp. Lengt t.v. má sjá Kristínu Sigurðardóttur sem dró AFS vagninn í nokkur ár á upphafsárunum. "Hæ?, var ég formaður? Ég var bara fljótust að vérlital" sagði Kristín þegar hún var innt eftir hlutverki hennar innan AFS í árdaga.



▲ Undirbúningshópur og stjórn Hollvina 2013: F.v. Petrína Ásgeirsdóttir, fyrrum framkvæmdastjóri AFS, Erlendur Magnússon í stjórn Hollvina, Jóna Fanney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri AFS á Íslandi, Þorvarður Gunnarsson í stjórn Hollvina og Ragnar Þorvarðarson, formaður AFS á Íslandi. Á myndina vantar Láru V. Júlíusdóttur í stjórn Hollvina.



◀ Martha Eiríksdóttir, dyggur AFS-ari, stýrði fundinum í Þjóðmenningarhúsinu af miklum skörugleik eins og henni einni er lagið.



